

Samruni Ísmar ehf. og Fálkans hf.

I. Málsmeðferð

1. Með bréfi, dags. 19. febrúar 2021 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Ísmar ehf. (hér eftir Ísmar) á öllu hlutafé Fálkans hf. (hér eftir Fálkinn). Að mati eftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a sömu laga.
2. Með bréfi dags. 3. mars 2021 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum það mat sitt að samrunaskráin væri fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020. Byrjuðu frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann að líða mánudaginn 22. febrúar 2021.
3. Í framangreindu bréfi óskaði Samkeppniseftirlitið jafnframt upplýsinga um fimm helstu sjálfstæða viðskiptavinum samrunaaðila árið 2020 á hverjum markaði þar sem áhrifa samrunans gætir. Bárust umbeðnar upplýsingar frá samrunaaðilum með tölvupósti þann 5. mars 2021.
4. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, afhentra gagna frá samrunaaðilum og fyrri rannsókna eftirlitsins á viðkomandi mörkuðum. Þá átti Samkeppniseftirlitið jafnframt samtöl við ýmsa keppnauta og viðskiptavinum samrunaaðila sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum.

II. Samruninn

5. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Ísmar á öllu hlutafé Fálkans felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

1. Samrunaaðilar

6. Í samrunaskrá kemur fram að Ísmar sé einkahlutafélag sem sérhæfi sig í sölu og þjónustu á tækjabúnaði til hvers konar landmælinga, vélstýringa og lasertækni, m.a. fyrir verkfræðistofur, verktaka og ríkisfyrirtæki. Þar segir að lasertæki og vélstýringar, hvort heldur er þrívíddar eða tvívíddar, auk GPS mælingatækja og talstöðva, séu mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins. Þá hafi fyrirtækið einnig haslað sér völl á sviði búnaðar til umferðaröryggis og löggæslu. Einnig sé



loftræsibúnaður og stýringar hluti af sérhæfðu vöruframboði félagsins, auk hitamyndavéla og talstöðva.

7. Samkvæmt samrunaskrá er Ísmar eigu Sjávarsýnar ehf. (hér eftir Sjávarsýn) (51%) og FREYJU framtakssjóðs slhf. (hér eftir Freyja) (49%).¹ Þar segir jafnframt að Sjávarsýn sé eignarhaldsfélag í fullri eigu Bjarna Ármannsonar. Samantekt yfir öll félög undir yfirráðum Sjávarsýnar má sjá í töfluTafla 1 hér að neðan. Byggir samantektin á upplýsingum úr samrunaskrá.

Tafla 1: Samantekt á umfjöllun í samrunaskrá um félög undir yfirráðum Sjávarsýnar

Nafn félags	Lýsing á starfsemi félags samkvæmt samrunaskrá
Gasfélagið ehf.	Innflutningur á gasi og gashylkjum.
Sjávarsýn fjárfestingar ehf	Eignarhaldsfélag. Félagið fer sameiginlega með [...]² með yfirráð yfir félögunum S4S ehf. og Hliðarspori ehf.
S4S ehf.	Sala á skóm í bæði heildsölu og smásölu. Félagið starfrækir skóverslanir, sérverslanir með fatnað og skó frá vörumerkinu Nike og netverslanirnar www.skor.is og www.air.is. Þá er félagið einnig eigandi að öllu hlutafé í Ellingsen ehf.
Ellingsen ehf.	Ellingsen annast innflutning og sölu á útivistar- og lífstílsvörum. Reknar eru tvær verslanir undir merkjum Ellingsen; önnur í Reykjavík og hin á Akureyri. Jafnframt eru vörur sem Ellingsen er með umboð fyrir og flytur inn, seldar í smásölu af hálfu þriðju aðila
Hliðarspor ehf.	Rekstur félagsins felst í því að vera leigutaki að verslunarhúsnæði þar sem verslanir í eigu S4S ehf. eru staðsettar og leigja áfram til S4S ehf.
Sjávargrund	Aðalstarfsemi felst í fjárfestingastarfsemi og rekstri fasteigna. Fer með eignarhald á öllu hlutafé í Tandri hf. og Ræstivörum ehf.
Tandur hf.	Innflutningur, framleiðsla, sala og dreifing á hreinlætisvörum til fyrirtækja og stofnana um land allt.
Ræstivörur ehf.	Innflutningur á hreinlætisvörum og sala til fyrirtækja og stofnana.

8. Samkvæmt samrunaskrá er Freyja fagfjárfestastjóður í rekstri Kviku banka hf. og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Þar segir að tilgangur Freyju sé samkvæmt samþykktum félagsins að ávaxta fé hluthafa með fjárfestingu í óskráðum íslenskum fyrirtækjum, m.a. í tengslum við fjármögnun innri eða ytri vaxtartækifæra, kynslóðaskipti eða aðrar breytingar á eignarhaldi, fjárhagslega eða rekstrarlega endurskipulagningu eða sölu stærri fyrirtækja á smærri einingum. Í samrunaskránni segir einnig að Freyja sé áhrifafjárfestir sem taki virkan þátt í stefnumótun félaganna, styðji stjórnendur með markvissum hætti við rekstur og veiti aðhald og eftirfylgni. Freyja leggi áherslu á að félögin sem fjárfest sé í tileinki sér góða stjórnarhætti og sýni samfélagslega ábyrgð.
9. Í samrunaskrá segir að eignarhald sjóðsins sé dreift og enginn aðili fari með yfirráð yfir Freyju með eignarhlutdeild sinni í félaginu eða öðrum samningum. Þá telja samrunaaðilar að Kvika eigi aðeins óverulega hlutdeild í Freyju og aðkoma Freyju sé á grundvelli samnings sem hluthafafundur geti sagt upp einhliða með hefðbundnum fyrirvara. Samkvæmt samrunaskrá er samrunaaðilum ekki kunnugt um að hluthafar í Freyju, Kvika banki hf., né aðrir sjóðir í rekstri Kviku eignastýringar hf., fari með yfirráð, bein eða óbein yfir félögum sem starfa á þeim mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á.

¹ Fjallað var um kaup Freyju á 49% hlut í Ísmar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2019.

² Fellt út vegna trúnaðar



10. Samkvæmt samrunaskrá er Fálkinn rótgróið þjónustu- og tæknifyrirtæki sem hefur starfað í nær 120 ár. Félagið sérhæfir sig í bíla- og vélarhlutum, véltæknivörum og raftæknivörum og rekur verslun og þjónustuverkstæði að Dalvegi 10-14 í Kópavogi. Í samrunaskránni kemur fram að vöruframboð félagsins samanstandi af bílavörum, drifbúnaði, dælum og dælulausnum, efnavörum/hreinsivörum/límefni, iðnaðar- og húsgagnahjólum, loftræsti- og hitunarvörum, mælum, rafbúnaði, rafmótorum, vélapúðum/titringsvörnum, vibratorum, sérhæfðum lýsingarbúnaði, bindivélum og strappaefni, þéttingum og verkfærum. Þá segir einnig að félagið bjóði tæknipjónustu og ráðgjöf varðandi söluvörur félagsins, þ.e. rafbúnað, almennan drifbúnað, legur, þéttingar og annan vél- og tæknibúnað. Jafnframt reki félagið sérhæft rafvéla- og verkstæði sem sinnir stuðningi við vörur sem félagið selur, samsetningu, þjónustu og ábyrgðarþjónustu á búnaði í umboði Fálkans.
11. Samkvæmt samrunaskrá er fyrirhugað að Fálkinn verði rekinn með óbreyttum hætti í kjölfar samrunans, sem sjálfstætt dótturfélag. [...]³
12. Í samrunaskrá kemur einnig fram að Fálkinn sé í samstarfi við Straumrás ehf. (hér eftir Straumrás) á Akureyri, sem er í eigu Landvéla hf., seljanda Fálkans. Vænta samrunaaðilar að samstarf félaganna muni halda áfram að óbreyttu í kjölfar samrunans en Fálkinn er stærsti einstaki birgi Straumrásar.

2. Markaðir máls, hlutdeild á þeim og mat á áhrifum samrunans

13. Við mat á samruna verður samkvæmt samkeppnislögum að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Hér verður fjallað um markaði málsins og áætlaða hlutdeild. Samhliða verður lagt mat á áhrif samrunans.
14. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngubjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

2.1. Sjónarmið samrunaaðila um markaði máls, hlutdeild og áhrif samrunans

15. Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi samrunaaðila sé að langmestu leyti á ótengdum mörkuðum. Þannig telja samrunaaðilar skörun í starfsemi þeirra verulega takmarkaða og einungis í tveimur vöruflokkum, annars vegar í sölu á loftræstibúnaði og hins vegar í sölu á mælingarbúnaði frá framleiðandanum Extech.

2.1.1. Sala á loftræstibúnaði

16. Hvað varðar sölu á loftræstibúnaði kemur fram í samrunaskrá að samrunaaðilar telji að samruninn muni ekki hafa í för með sér samþjöppun á þeim markaði. Sé það einkum vegna þess að engin staðganga sé á milli þeirra ólíku vöruflokkanna sem fyrirtækin hafi til sölu og vörur hvors félags fyrir sig í þessum flokki mæti afar ólíkum þörfum viðskiptavina. Þannig bjóði Ísmar upp á

3 Felld út vegna trúnaðar.



stærri loftræstisamstæður og tengdan búnað, t.d. fyrir líkamsræktarstöðvar og önnur fyrirtæki, en slíkur búnaður sé ekki til sölu hjá Fálkanum. Samkvæmt samrunaskrá eru keppinautar Ísmar á því sviði eru m.a. Ísloft, Varmi, Blikksmiðurinn, Hitatækni, Íshúsið og fjöldi annarra blikksmiðja. Á hinn bóginn selji Fálkinn viftur og smærri loftræstibúnað, sem Ísmar bjóði ekki uppá í vöruúrvali sínu. Í samrunaskrá segir að verslanir sem selji áþekkan búnað í samkeppni við Fálkann séu m.a. Byko, Húsasmiðjan, Bauhaus, Heimilistæki, Íshúsið og Donna. Samrunaaðilar hafa ekki upplýsingar um heildarstærð þessa markaðar, en áætla að sameiginleg markaðshlutdeild þeirra sé vel undir 5%.

2.1.2. Sala á mælibúnaði

17. Hvað varðar sölu á mælibúnaði frá vörumerkinu EXTECH segir í samrunaskrá að um sé að ræða fjarlægðarmæla, hitabyssur, snúningsmæla, straummæla, rakamæla, fjölsviðsmæla, holusjár, umhverfismæla, hátíðni EMF mæla, útleiðslumæla, hljóðstyrksmæla, hitamæla, hitasírta, hita- og rakasírta, ampertangir, spennuskynjara, lofthitamæla o.fl. Samkvæmt samrunaskrá er þessi vöruflokkur lítil að umsvifum í starfsemi samrunaaðila. Til að mynda hafi sala á mælibúnaði frá EXTECH numið samtals [...] ⁴ hjá Ísmar á árinu 2019 eða um [...] ⁵ af heildarveltu félagsins það ár og samtals [...] ⁶ hjá Fálkanum á sama ári, eða um [...] ⁷ af heildarveltu félagsins það ár. Samkvæmt samrunaskrá hafa samrunaaðilar ekki upplýsingar um heildarstærð þessa markaðar, en áætla að sameiginleg markaðshlutdeild þeirra sé vel undir 5%. Þar segir að fjöldi keppinauta samrunaaðila selji sambærilegan mælibúnað, svo sem Húsasmiðjan, Byko, Bauhaus, Ískraft, Rönning, S.Guðjónsson, RJ Verkfræðingar, auk Verkfærasölnunnar, Verkfæralagersins og sambærilegra fyrirtækja.

2.1.3. Mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans

18. Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telji að samruninn muni ekki hafa samkeppnisleg áhrif á þá markaði sem þeir starfa á. Þannig starfi þeir í meginatriðum á ótengdum mörkuðum en á þeim mörkuðum þar sem starfsemi þeirra skarast telja samrunaaðilar að markaðshlutdeild þeirra sé undir 20%. Að mati samrunaaðila sé samruninn því hvorki til þess fallinn að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu á þeim markaði sem um ræðir, eða raska samkeppni á annan hátt með umtalsverðum hætti. Þá telja samrunaaðilar að sala Landvéla hf. á Fálkanum muni fjölga keppinautum á þeim mörkuðum sem bæði félögin starfa á, svo sem í sölu á rafmótorum, drifbúnaði og dælum.
19. Fram kemur í samrunaskrá að samrunaaðilar hafi ekki þann efnahagslega styrk, hvorki fyrir né eftir samruna, til að hindra samkeppni. Þannig eigi þeir í virkri samkeppni við fjölda keppinauta á mismunandi undirmörkuðum. Samspil framboðs og eftirspurnar sé nokkuð hefðbundið, þ.e. söluaðilar leitist við að mæta eftirspurn með framboði. Bein markaðssetning eigi sér stað í nokkrum mæli, þar sem fyrirtæki á markaðnum leitist við að afla nýrra viðskiptasambanda með beinum hætti. Þá sé aðgengi á hlutaðeigandi mörkuðum gott og fáar hindranir til staðar fyrir burðuga keppinauta til að hefja starfsemi á þeim.

2.2. Mat Samkeppniseftirlitsins

20. Að virtum fyrirliggjandi upplýsingum í samrunaskrá er það mat Samkeppniseftirlitsins að hafa megi hliðsjón af markaðsskilgreiningu samrunaaðila við mat á samkeppnislegum áhrifum

4 Felld út vegna trúnaðar.

5 Felld út vegna trúnaðar.

6 Felld út vegna trúnaðar.

7 Felld út vegna trúnaðar.



samrunans. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið þó ekki nauðsynlegt að taka afstöðu til endanlegrar skilgreiningar á mörkuðum málsins.

21. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
22. Líkt og að framan greinir telja samrunaaðilar að skörun á rekstri félaganna sé mjög takmörkuð og einungis í tveimur tilteknum undirflokkum, en báðir starfa við sölu á loftræstibúnaði og mælingarbúnaði. Við meðferð málsins átti Samkeppniseftirlitið samtöl við ýmsa keppinauta og viðskiptavini samrunaaðila sem féllust á það mat samrunaaðila að staðganga á milli vöruflokka félaganna á sviði loftræstibúnaðar væri lítil eða engin. Að mati eftirlitsins gáfu framangreind sjónarmið, upplýsingar í samrunaskrá um veltu félaganna á framangreindum sviðum, sem og fjöldi mögulegra keppinauta, ekki tilefni til frekari gagnaöflunar um stöðu samrunaaðila á mörkuðum. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans telur eftirlitið rétt að líta til þess að nokkur fjöldi fyrirtækja veitir samrunaaðilum samkeppnislegt aðhald á umræddum mörkuðum og ekki séu vísbendingar um að hlutdeild þeirra sé svo há að hún sé líkleg til að leiða til markaðsráðandi stöðu eða umtalsverðrar röskunar á samkeppni.

3. Samandregin niðurstaða

23. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins í þessu máli er sú að miðað við upplýsingar í samrunaskrá og önnur fyrirbyggjandi gögn og umsagnir séu ekki fyrir hendi vísbendingar um að samruninn leiði til myndunar eða styrkingar markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á neinum markaði. Jafnframt verður ekki séð að samkeppni á mörkuðum raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

III. Ákvörðunarorð

„Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast vegna samruna Ísmar ehf. og Fálkans hf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson